

**Svar**  
**Jóns Kristjánssonar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra**  
**við munnlegri fyrirspurn á Alþingi um**  
**heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu**  
**frá Jónínu Bjartmarz**

Háttvirtur sjötti þingmaður Reykjavíkurborgar hefur beint til mín fyrirspurn um heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu.

Í fyrsta lagi spyr þingmaðurinn um fjölda íbúa á höfuðborgarsvæðinu sem hafa ekki heimilisaðgang eða aðgang að heilsugæslustöð og á hverju þær tölur byggist. Samkvæmt upplýsingum frá Heilsugæslunni í Reykjavík sem byggjast á talningu úr sjúkraskrá voru í byrjun nóvember á milli þrjú og fjögur þúsund íbúar í Reykjavík, Kópavogi og á Seltjarnarnesi án heimilislæknis.

Í öðru lagi spyr háttvirtur þingmaður um fjölda heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu, fjölda stöðugilda við hverja þeirra og hve margir njóti þjónustu hvern um sig. Því er til að svara að á Höfuðborgarsvæðinu eru alls 15 heilsugæslustöðvar, þar af 13 á svæði Heilsugæslunnar (þ.e. Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ).

Tölurnar sem ég fer yfir hér á eftir um fjölda á þjónustusvæðum stöðvanna, fjölda þeirra sem njóta þjónustu þeirra og um fjölda ársverka á hverri stöð, ná ekki yfir Garðabæ, Hafnarfjörð og Álftanes. Fram kemur að rúmlega 21.000 manns eru skráðir hjá sjálfstætt starfandi heimilislæknum.

	<i>Mannfjöldi á þjónustusvæði maí 2004</i>	<i>Skráðir í nóv. 2004 með heimilislækni</i>	<i>Ársverk á viðkomandi heilsugæslu 2003</i>
Seltjarnarnes	14.898	13.041	24,9
Miðbær	13.471	7.759	16,4
Hlíðar	11.252	7.895	17,0
Efstaleiti	10.852	7.557	20,4
Lágmúli	6.981	15.127	vantar
Vogar og Heimar	9.491	0	0,0
Mjódd	12.184	12.321	21,5
Efra-Breiðholt	8.946	12.328	23,5
Árbær	11.096	10.520	21,1
Grafarvogur	18.050	12.201	30,9
Mosfellsumdæmi	7.615	7.615	19,2
Kópavogur	25.482		
þar af svæði Borga	9.607	16.609	59,0
		Saman Borgir og Hvammur	
- svæði Hvamms	10.113		
- svæði Sala	5.762	3.306	vantar
Sjálfstætt starfandi heimilislæknar		21.261	vantar
<b>Samtals:</b>	<b><u>150.318</u></b>	<b><u>147.540</u></b>	<b><u>254</u></b>

Háttvirtur þingmaður spyr hvað gert sé ráð fyrir að þær tvær heilsugæslustöðvar sem áætlað er að koma á fót á þessu ári muni þjóna mörgum íbúum. Í maí síðastliðinn voru íbúar á svæði Heilsugæslustöðvarinnar í Salahverfi tæplega fimm þúsund og áttahundrað, en áætlað er að í hverfinu verði um tíu þúsund íbúar þegar það er fullbyggt. Í Voga- og Heimahverfi voru tæplega

fjögurþúsund og fimmhundruð íbúar í maí síðastliðinn en heilsugæslustöð mun taka til starfa þar á næsta ári.

Loks er spurt um hve mikið komum fjölgaði á heilsugæslustöðvar á síðastliðnu ári og hvað sé talið skýra fjölgunina. Komum til læknis á heilsugæslustöðvunum í Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarnesi og Mosfellsbæ fjölgaði á árinu 2003 um 11.640 eða 7,3%. Fyrstu átta mánuði þessa árs fjölgaði komum enn, eða um 16.788 sem svarar 16,1% ef miðað er við sama tímabil árið áður. Í þessum tölum eru ekki komur í heilsuvernd né komur á einkareknu heilsugæslustöðvarnar í Lágmúla og Salahverfi í Kópavogi. Bætt aðgengi að heilsugæslustöðvunum og tilflutningur þjónustu meðal annars frá bráðamóttökum eru helstu skýringar þessarar aukningar að mati forsvarsmanna Heilsugæslunnar.

**(Talað orð gildir)**